

**Ed.**

**285. Frumvarp til laga**

[197. mál]

um sérstakan barnabótaauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Á árinu 1986 skal greiða úr ríkissjóði sérstakan barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á árinu 1985 sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, enda séu uppfyllt skilyrði 2. og 3. gr. laga þessara.

2. gr.

Sérstakur barnabótaauki skal nema óskertur 20 400 kr. með hverju barni.

Barnabótaaukinn skv. 1. mgr. vegna barna, sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal skerðast um 8% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna tekjuárið 1985 fer fram úr 374 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður útsvarsstofn hjóna nær 628 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 8% af því sem útsvarsstofn foreldris tekjuárið 1985 fer fram úr 255 000 kr. uns hann fellur niður er útsvarsstofn foreldris nær 510 000 kr.

3. gr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 1 275 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 2 125 000 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 1 700 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 2 550 000 kr.

4. gr.

Um barnabótaauka, þ. á m. um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1986.

**A thugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með lögum nr. 43/1984 var kveðið á um að á árinu 1984 skyldi greiða sérstakan barnabótaauka að fjárhæð 12 000 kr. fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast var hér á landi. Var barnabótaauki þessi tengdur bæði tekjum og eignum framfærandanna þannig að hann skertist ef tekjur eða eign framfærandanna fór fram úr tilteknu marki. Þessi löggjöf var sett í framhaldi af tillögum aðila vinnumarkaðarins frá 21. febrúar 1984. Með lögum nr. 128/1984 var kveðið á um að á árinu 1985 skyldi greiða sams konar barnabótaauka en fjárhæðin hækkuð í 15 000 kr. fyrir hvert barn. Með frumvarpi þessu er lagt til að sambærilegur barnabótaauki verði einnig greiddur úr ríkissjóði á árinu 1986. Eru ákvæði frumvarps þessa samhljóða ákvæðum laga nr. 128/1984 að öðru leyti en því að allar fjárhæðir eru hækkaðar um 36% og er það í samræmi við hækkun skattvísitölu. Raungildi þessarar aðstoðar við lágtekjufólk ætti því að haldast óbreytt milli ára. Kostnaður ríkissjóðs af þessu frumvarpi er talin vera um 42 m.kr.